

Alls voru greiddar tæpar 47 milljónir kr. í alls konar bætur.

Finnst þér ekki, að stórkostlegt framfaraspor hafi verið stigið, þegar þessu tryggingakerfi var komið á fót? Og finnst þér ekki, að sérhver aukning þess og endurbót hafi verið framfaraspor?


Það var Alþýðuflokkurinn, sem bar fram fyrstu tillögurnar um alþýðutryggingar á Alþingi fyrir 19 árum. Sex árum síðar var fyrstu alþýðutryggingunum komið á, þrátt fyrir harðvítuga andstöðu Sjálfstæðisflokksins, sem kvaðst ekki vilja, að allt yrði hér „fjötrað og flækt í eintómum tryggingum“. Fyrir fjórum árum var tryggingakerfið aukið stórkostlega og endurbætt með setningu laganna um almannatryggingar. Í það skipti varð það hinn borgaraflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, sem snerist gegn málinu, og greiddi nær allur atkvæði gegn því.

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa báðir barizt gegn tryggingarlöggjöfinni.

Alþýðuflokkurinn barðist fyrir að koma henni á og mun berjast fyrir því að auka hana og bæta.

Þú átt Alþýðuflokknum almannatryggingarnar að þakka.

Kjóstu A-listann.



Almannatryggingarnar

búa börnunum bjartari framtíð.

Takmarkið er:

Fullkomið öryggi.

Fylkjum okkur um Alþýðuflokkinn!

Veiztu, hverjum þú átt þetta að þakka?

Fyrir 13 árum voru hér engar almannatryggingar. Það var talið einkamál þitt, ef þú skyldir verða veikur eða verða fyrir slysi. Hið opinbera taldi sér slíkt óviðkomandi að mestu. Ættir þú fyrir mörgum börnum að sjá og kynnir að eiga erfitt með að láta launin hrökkva fyrir nauðsynlegum útgjöldum, gaztu að vísu fengið fátækrastryrk. Að öðru leyti sá ríkisvaldið ekki ástæðu til þess að létta þér lífsbaráttuna. Og það taldi sér heldur ekki koma það mikið við, þótt þú yrðir gamall og ekki fær um það lengur að vinna fyrir þér. Þú varst þá kallaður þurfalingur og gazt fengið einhvern styrk. En þú varst ekki talinn eiga rétt á neinum launum úr sameiginlegum sjóði okkar allra fyrir það að hafa lokið löngu dagsverki.

Hvernig er þetta nú í dag?

Þegar þú ert orðinn 67 ára, átt þú rétt á **ellilífeyri**, sem nemur 3780 kr. á ári í Reykjavík, ef þú hefur ekki tekjur umfram visst lágmark.

Ef þú glatar verulegum hluta starfsorku þinnar, átt þú rétt á **örorkulífeyri**, sem nemur 3780 kr. á ári í Reykjavík.

Ef þú átt fjögur börn eða fleiri, færðu greiddar 1200 kr. á ári í **fjölskyldubætur** með hverju þeirra, sem er um fram þrjú til þess að létta þér gott uppeldi þeirra.

Ef þú verður óvinnufær vegna veikinda eða slysa og missir því tekjur þínar, áttu rétt á, að þér séu greiddir **sjúkradagpeningar** eftir vissan tíma, frá 12—32,40 kr. á dag eftir fjölskyldustærð. Ef þú ert í sjúkrasamlagi, færðu auk þess læknishjálp, sjúkrahúsvist, lyf og önnur hlunnindi.

Með fyrirvinnulausum börnum undir 16 ára aldri, t. d. ekkjubörnum, er greiddur sérstakur **barnalífeyrir**, 2400 kr. á ári í Reykjavík.

Allar konur, sem ala barn, fá **fæðingarstyrk**, frá 600 kr., auk þeirrar hjálpar, sem sjúkrasamlagið veitir.

Kona, sem missir eiginmann sinn, fær sérstakar **ekkjubætur**, frá 1800—5850 kr.

Finnst þér ekki öryggi þitt hafa vaxið við þetta? Finnst þér ekki betur að þér búið nú en fyrir 13 árum, þegar þetta var allt saman óþekkt?

Og veiztu, hversu margir hafa notið góðs af þessu?

Á síðast liðnu ári fengu:

7900 manns greiddar 21,7 millj. kr. í ellilífeyri.

3300 manns greiddar 6,8 millj. kr. í barnalífeyri.

2250 manns greiddar 5,4 millj. kr. í örorkulífeyri og örorkustyrk.

2100 manns greiddar 4 millj. kr. í sjúkrabætur og slysabætur.

3580 ekkjur og mæður fengið greiddar 3,1 millj. kr. í ekkjubætur.

Foreldrar greiddar 4,3 millj. kr. með 12200 börnum.